

Eystrahorn

8. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 27. febrúar 2020

www.eystrahorn.is

Íbúafundur um Útivistarbæinn Höfn

Miðvikudaginn 12. febrúar mættu rúmlega 30 manns á opinn fund í Nýheimum til að kynna sér niðurstöður úr íbúakönnun um uppbyggingu á grænum svæðum, göngu- og hjólastíga sem Sveitarfélagið Hornafjörður lagði fyrir á vordögum 2019. Könnunin var hönnuð vegna þátttöku sveitarfélagsins í samstarfsverkefninu „*Attractive Towns. Green redevelopment and competitiveness in Nordic urban regions. Towns that provide a good life for all.*” Verkefnið var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar undir forystu Noregs, og kallaðist í daglegu tali Aðlaðandi og sjálfbærir bæir eða *Norræna verkefnið*. Árdís Erna Halldórsdóttir atvinnu- og ferðamálafulltrúi og Hugufrún Harpa Reynisdóttir forstöðumaður Þekkingarsetursins Nýheima voru verkefnastjórar verkefnisins, en auk þeirra vann Bartek Skrzypkowski byggingarfulltrúi einnig mikið að verkefninu. Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri opnaði fundinn, en að því loknu kynnti Bartek helstu niðurstöður

könnunarinnar og Árdís fjallaði um áhrif góðra almenningssvæða á lífvænleika bæja og bæjarbrag. Meginmarkmið verkefnisins í heild var að móta sameiginlegan norrænan leiðarvísi um hvernig bæir geta orðið meira aðlaðandi með því að þróa líflegt og sjálfbært þéttbýli með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Eins og áður sagði var hér í sveitarfélaginu lögð áhersla á tækifæri til útivistar og leiksvæði og vistvænar samgöngur voru áhersluatriði. Var það ákveðið eftir vinnufund með öllum fastanefndnum sveitarfélagsins í upphafi verkefnis þar sem megináhersla var lögð á þessa þætti. Til þess að auka íbúalyðræði, sem er mikilvægur hlekkur samkvæmt Heimsmarkmiðunum, voru prófaðar leiðir til að gera íbúum kleift að taka þátt í skipulagsferli. Til þess var notuð Maptionnaire vefkönnun sem er nýstárleg að því leyti að íbúum gafst betri kostur en venja er til að koma skoðunum sínum á framfæri hvað varðar skipulagsmál. Íbúakönnunin var opin í 3 vikur og tóku 216 íbúar



Árdís fjallar um útivistarsvæði í þéttbýli

þátt í henni sem er um 10% allra íbúa sveitarfélagsins. Þátttakan var langt umfram væntingar og sýnir glöggst að íbúar hafa mikinn áhuga á að taka nánari þátt í skipulagsmálum. Er öllum íbúum þakkað kærlega fyrir sitt framlag, og er sveitarfélagið þegar farið að vinna eftir ábendingum og athugasemdum sem þar komu fram. Einnig er gaman að geta þess að eftir kynningu á verkefninu á lokaráðstefnu Norræna verkefnisins ákvað Skipulagsstofnun að nýta sömu tækni við kortlagningu á ákveðnum svæðum.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru að íbúar vilja gjarnan tengja bæinn betur saman með göngu- og hjólastígum, auk þess sem þeir leggja ríka áherslu á að hafa aðgengileg, skjólgóð, örugg og skemmtileg útivistarsvæði í nágrenni sínu sem nýtast bæði við leik og störf. Er óhætt að segja að óskir íbúa haldist vel í hendur við heiti verkefnisins, þar sem góð almenningssvæði gera bæinn meira aðlaðandi fyrir

íbúa, fyrir gesti og fyrir fyrirtæki. Þau tengja einnig bæinn traustum böndum og gera hann lífvænlegri, auk þess sem góðar tengingar göngu- og hjólaeíða ýta undir vistvænar samgöngur og gera bæinn virkari. Björn Jóhannesson landslagsarkitekt hjá Urban Beat var fenginn til að vinna hugmynd að útivistarsvæði sem byggði á niðurstöðum íbúakönnunarinnar og kynnti hann tillöguna á íbúafundinum. Að því loknu fengu íbúar að upplifa útivistarsvæðið í gegnum sýndarveruleika sem er ný tækni í slíkri hönnunavinnu.

Niðurstöður könnunarinnar og afurðir hennar verða aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is. Einnig er hægt að finna leiðarvísinn sem áður var nefndur og aðrar afurðir verkefnisins alls á heimasíðunni www.regjeringen.no.

Árdís Erna Halldórsdóttir
atvinnu- og ferðamálafulltrúi
Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Matthildur bæjarstjóri ferðast um útivistarsvæðið í Hrossó í gegnum sýndarveruleika

Hægt er að nálgast blaðið og allar greinar sem birtast í blaðinu ásamt eldri blöðum á www.eystrahorn.is

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRÍ HORNFIÐINGA



MINNUM Á ÍPRÓTTIR Í STARFINU

Leikfimi í sal, boccia, gönguferðir frá Ekru, dansinn og íþróttatímamann í íþróttahúsinu á þriðjudögum kl. 09:30.

Hornafjörður er heilsueflandi samfélag. Hreyfing er öllum holl!

Aðalfundur

Aðalfundur Björgunarfélags og Björgunarbátasjóðs Hornafjarðar verður þriðjudagurinn, þann 10. mars kl. 19:00 í Slysavarnarhúsinu

Hvetjum alla félagi til að mæta.



Vildaráskrift Eystrahorns

Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér vildaráskriftina.

Peir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, svokallaða vildaráskrift inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum. Vildaráskriftin er frjálst framlag t.d. 1000 kr. á mánuði.

HLS ehf.

Rnr. 537-26-55002

kt.500210-2490



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófararklestur:..... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Uppeldi sem virkar



Námskeiðið **Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar** verður haldið í Ekru á Höfn mánudaginn 9., 16., 23. og 30. mars n.k. kl. 19:30-21:30. Hvert námskeið er 2 klukkustundir í senn 1x í viku, alls 4 skipti sem gerir 8 klukkustundir í allt.

Námskeiðið **Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar** er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir. Námskeiðið er ókeypis fyrir foreldra leikskólubarna sveitarfélagsins sem hluti af lýðheilsustefnu sveitarfélagsins og kennt í samstarfi hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðinni, leikskólakennara, grunnskóla-kennara og þroskajálfa.

Lögð er áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem ýtir undir færni sem líkleg er til að nýtast barninu til framtíðar.

„Námskeiðið gefur foreldrum verkfæri til að nota í uppeldinu og hjálpar foreldrum að bæta samskipti sín við börn sín“, segir Sunna Jónsdóttir sótti námskeiðið fyrir ári síðan.

Þátttakendur þurfa að skrá sig á heilsugæslustöðinni.

Námskeiðið byggir á Uppeldisbókinni sem Skrudda gefur út.



Skráning á netfangið hsu@hornafjordur.is eða á heilsugæslustöðinni í síma 470-8600 frá kl 13:00 virka daga .



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélagið auglýsir bæjarmálafund laugardaginn 29. febrúar kl.11:00. Rætt verður um þéttingu byggðar. Heitt á könnunni og allir velkomnir

Stjórnin

D

GOUHOF 2020

7. MARS Í HOFGARÐI

HÚSÍÐ OPNAR 18:30

BORÐAHALD HEFST 19:30


DANSLEIKUR HEFST UM MIÐNÆTTI

MIÐAVERÐ: 8000 KR.

MIÐAVERÐ Á EINUNGIS DANSLEIK: 2000 KR.

TAKMARKAÐ FRAMBOÐ MIÐA
PANTANIR HJÁ SIGURÐI, SÍMI: 893-1150
EÐA TÖLVUPÓSTUR: SIGGUN@SIMNET.IS

VEISLUSTJÓRI: GUÐLAUG ELÍSBET ÓLAUSDÓTTIR
HLJÓMSVEIT: DANSHLJÓMSVEIT FRÍÐJÓNS
KOKKUR: BENEDIKT JÓNSSON



Hakkapónið: Hacking Hekla / creative eruption

Hvernig geta
stafrænar lausnir
aðstoðað í
byggðarþróun?



Dagana 2. til 5. apríl næst komandi verður haldið svokallað Hakkapón á Midgard Basecamp á Hvolsvelli. Hakkapón er í grunninn einskonar uppfinninga marapón þar sem frumkvöðlar, hugsuðir og annað skapandi fólk ásamt fólki með tækni þekkingu kemur saman í 24 tíma og reynir að leysa fyrirfram gefin vandamál/verkefni á stafrænan hátt. Hakkapón er vettvangur uppfinningafólks, forritara, nemenda og annarra áhugasamra til þess að koma saman og skiptast á þekkingu og reynslu og vinna í sameiningu að lausnum á stafrænu formi, þ.e. í formi vefsíðu, smáforritumapp og/eða öðrum stafrænum lausnum.

Erlendis hefur hakkapón (e. Hackathon) náð föttestu sem áhugaverður vettvangur fyrir skapandi fólk til þess að koma saman, í stuttan tíma með það fyrir augum að finna lausnir á raunverulegum vandamálum/verkefnum. Undanfarið hefur hakkapón verið að ryðja sér til rúms á höfuðborgarsvæðinu og viðburðir eins og Nordic Health Hackathon Reykjavík, Reboot Hackathon og Climathon hafa fengið mikla athygli og góða þátttöku. Hacking Hekla er fyrsta

hakkapónið sem haldið er á landsbyggðinni og það fyrsta sem leitar leiða til þess að finna lausnir á þeim áskorunum sem fylgja því að búa og starfa í dreifðari byggðum. Verður því um að ræða ákveðið tilraunaverkefni á sviði byggðarþróunar á Íslandi. Hacking Hekla er einmitt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og hluti af doktorsverkefni Magdalena Falter.

Hacking Hekla verður eins og áður segir haldið á Midgard Basecamp á Hvolsvelli 2.-5.apríl en hakkapónið sjálft fer fram þann 4.apríl og hafa hóparnir sólarhring til þess að hanna, móta og kynna hugmyndina sína fyrir dómnefnd. Auk „haksins“ verða á boðstólum vinnustofur og fyrirlestrar frá leiðandi fólki úr hópi frumkvöðla og mentora. Sem dæmi um nokkra sem þar verða eru:

- Haukur Viðar Jónsson, Smart Guide, frumkvöðull
- Gunnar Ólafsson, Djúpid.net, frumkvöðull
- Bala Kamallakharan, Startup Iceland
- Arndís Soffía Sigurðardóttir, Hótel Fljótshlíð
- Arnar Sigurðsson, Blue Bank, frumkvöðull
- Jóhannes Geir Þorsteinsson, Kollafoss Game Farm

Markmið hakkapónsins Hacking Hekla er að þróa stafrænar lausnir fyrir þær áskoranir sem tengjast dreifbýli Suðurlands, dæmi:

- *Hvernig getur landsbyggðin hagnýtt sér tækifæri fjórðu iðnbyltingarinnar?*
- *Hvernig getum við vakið ferðamenn til vitundar um viðkvæmni íslenskrar náttúru?*
- *Hvernig getum við styrkt svæðisbundna matvælaframleiðslu?*
- *Hvernig getum við unnið með ferðaþjónustunni þannig að hún*

þjóni bæði innlendum og erlendum ferðamönnum?

Hugtakið „smart city“ er orðið mjög stórt í alþjóðlegu samhengi og vísar til starfrænnar þróunar borga. Á sama tíma er hugtakið „smart village/community“ sem vísar til dreifðari byggða, talsvert á eftir. Með viðburðinum Hacking Hekla er leitast við að þróa stafrænar lausnir í áskorunum sem dreifbýl svæði glíma við. Viðburðurinn mun jafnframt vera leið til þess að kynna þátttakendum og öðrum áhugasömum þá kosti sem dreifbýlið hefur þegar kemur að skapandi vinnu, enda umhverfið til þess fallið að draga úr áreiti stórborgarinnar. Einnig hefur svona viðburður áhrif á íbúa svæðisins þar sem hann hvetur þá til þátttöku og finna sköpunargleðina í samvinnu og lausnamiðaðri hugsun.

Hakkapónið er viðburður fyrir skapandi fólk sem hefur nýjar og frumlegar hugmyndir um það hvernig leysa megi áskoranir dreifbýlisins. Við hvetjum alla sem áhuga hafa á að skrá sig og taka þátt í einstökum viðburði. Fyrir skráningu og allar nánari upplýsingar má fara á vefsíðu verkefnisins www.sass.is/hackathon og á FB síðunni <https://www.facebook.com/HackingHekla/>



Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Spil - Spil - Spil

Þriggja kvölda félagsvist.
Fimmtudaginn 27.febrúar
verður spilavist í Ekrusal
kl. 20:00.

5.mars og 12.mars
1000 kr inn og ekki posi.
Góð verðlaun í boði.
Allir velkomnir

Félag harmonikkuunnenda



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Íbúafundur um skipulagsmál

Íbúafundur verður haldinn þann 5. mars
Nýheimum kl. 20:00.

Þrjú mál eru á dagskrá fundarins.

- Þétting byggðar á Höfn
- Framtíðarbyggingasvæði á Höfn
- Endurskoðun ferðaþjónustukafla aðalskipulags sveitarfélagsins

Íbúar eru hvattir til að mæta og kynna sér málin.

Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri



Konur athugið!



Takið frá **laugardagskvöldið 7. mars** fyrir konukvöld knattspyrnudeildar Sindra og Hafsins!

Óborganleg skemmtiatriði og endalaust fjör, Partybingó með Siggú Kling og DJ Gassi Kling Gasmaster verða á meðal þeirra sem troða upp!

Nánar auglýst síðar en hægt er að tryggja sér borð fyrir hópa hjá Arndísi í síma 662-8281!



Styrkir



Átt þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkað eða útflutningahöfn og:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálk ÍSAT2008
- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir flokk 01.1 og/eða flokk 01.2 í a-bálk ÍSAT2008 enda sé varan fullunnin í söluhæfar umbúðir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Um styrkina gilda lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011.

Nánari upplýsingar um styrkina má finna á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is)



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Menningarhátíð í Nýheimum

Menningarverðlaun, styrkir og aðrar viðurkenningar sveitarfélagsins verða afhent við hátíðlega athöfn 13. mars nk.

Afhendinga Menningarverðlauna, umhverfisviðurkenninga, styrkja Atvinnu- og rannsóknarsjóðs auk styrkja nefnda Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer fram þann 13. mars kl. 17:00 í Nýheimum.

Tónlistaratriði af blúshátíð með Unni Birnu og Bjössu Thor

Kaffi og veitingar, allir velkomnir.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR